Ár 1973, föstudaginn 30. marz, var í málinu nr. 30/1972 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 17. desember 1972, kærði Árni Erlingsson, Birkivöllum 22, Selfossi, yfir hækkun á fasteignamatsverði húseignar sinnar samkvæmt matsgerð millimatsmanna, dags. 30. nóvember 1972. Matsverð íbúðarhúss var í aðalmati kr. 783.000,oo og matsverð bílskúrs kr. 58.000,oo. Í nefndri millimatsgerð var matsverð íbúðarhúss hækkað í kr. 934.000,oo og matsverð bílskúrs í kr. 71.000,oo.

Kærandi tekur m.a. fram, að enn sé eftir að fullgera stofuálmu íbúðarhússins, og sé kostnaður við það lauslega áætlaður kr. 300.000,oo. Telur kærandi, að ekki sé samræmi milli niðurstöðu framangreindrar millimatsgerðar og fasteignamats á öðrum húsum á Selfossi, þar sem hús svipaðrar stærðar eða stærri séu lægra metin, enda þótt fullgerð séu. Eru það tilmæli kæranda, að fasteignamatsverð húseignarinnar í aðalmati verði látið standa óbreytt, unz fullnaðarmat verði framkvæmt, þegar húsið verði fullgert.

Ofangreind millimatsgerð frá 30. nóvember 1972, felur í sér hækkun á fasteignamatsverði umræddrar húseignar miðað við niðurstöðu aðalmats. Hækkun þessa er fyrst og fremst að rekja til leiðréttingar á þeim stærðartölum, sem miðað var við í aðalmati, og var því rétt og skylt að taka aðalmat til endurskoðunar, sbr. 2. tl. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Athugun Yfirfasteignamatsnefndar hefur leitt til þeirrar niðurstöðu, að ekki sé ástæða til breytinga á matsniðurstöðum millimatsgerðar, og er þá tekið tillit til þess, að húsið er ekki að öllu leyti frágengið. Út af ábendingum kæranda um ósamræmi í mati skal tekið fram, að ástæða virðist vera til hækkunar ýmissa húseigna á Selfossi, eins og reyndar hefur þegar verið gert í mörgum tilvikum.

Samkvæmt framansögðu, þykir ekki fært að verða við kröfu kæranda um lækkun á fasteignamatsverði samkvæmt niðurstöðu millimatsgerðar.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Framkomin krafa um lækkun á fasteignamati húseignarinnar að Birkivöllum 33, Selfossi, samkvæmt millimatsgerð frá 29. nóvember 1972, er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson | Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.

Reykjavík, 18. apríl 1973.